

# Hverfisráð Hríseyjar

## 118. fundur

Mánudaginn, 02. júlí 2018, kl 20:00 var haldinn 118. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Kristinn Frímann Árnason og Claudia Werdecker.

## Dagskrá:

### 1. Hundasvæði

Hverfisráð vill ítreka að það vantar hundasvæði í Hrísey. Lagt var til á 104. fundi hvaða staðir gætu hentað fyrir slíkt svæði.

### 2. Umferðarmál

Hverfisráð mælist til að hraðahindranir verði settar upp sem fyrst, meðal annars vegna aksturslags fólks, og málið fái að vera í forgangi.

### 3. Innsend bréf

Hverfisráð staðfestir móttöku bréfs frá umhverfis- og tæknisviði Dalvíkurbyggðar (201805056 MV). Hverfisráð hefur í huga að vinna í málefninginu og bíður svara frá Vegagerðinni.

### 4. Eftirlit, skráning og úttekt gæludýra

Gæludýr og búfé í Hrísey rædd. Formaður bendir á að eftirliti, skráningu og úttektar gæludýra og búfés sé ábótavant, og Akureyrarbær ætti að laga strax vinnubrögð sín varðandi málið.

### 5. Önnur mál

Ritari bendir á að mikil þörf sé á að merkja almenningssalernin í Hrísey betur, svo merkingin sjáist frá svæðinu. Ósvöruð erindi rædd.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 21:15.

Þorgeir Jónsson  
Kristinn Frímann Árnason  
Claudia Werdecker

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker